

Fundur í Betadeild 4. desember 2007

haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri

Dagskrá

1. Setning fundar
2. Jólasaga
3. Fundargerð síðasta fundar
4. Önnur mál
5. Góður gestur kemur á fundinn og fræðir okkur um siði í kringum jól og áramót í heimalandi sínu
6. Jólamáltíð og huggulegheit
7. Hapadrætti og söfnunarpoki gengur til stuðnings stúlkum í Afríku

1. María setti fundinn. Hún bauð gestina, þær Jónínu og Gunnlaugu velkomnar og bar kveðjur frá fjarstöddum konum.
2. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
3. Í stað orða til umhugsunar hafði Sigrún Magnúsdóttir verið beðin að flytja efni í anda jólanna. Hún las söguna *Jesús kennir fólkinu að halda stiganum hreinum* úr bókinni Jólasögur úr samtímanum eftir Guðberg Bergsson.

4. Önnur mál.

María auglýsti afmælisrit DKG og bókamerkin sem eru til sölu. Nú er einnig búið að hanna og setja í sölu ofna lyklakippu.

Fréttabréf landsamtakanna er að koma út. Ritnefndin í Iota-deild mun senda það til formanna deilda til dreifingar, auk þess sem það verður rafrænt á vef.

Tilkynnt var að næsti fundur yrði hjá Selmu.

Eygló Björnsdóttir nefndi að vefur samtakanna hefði verið samþykktur af alþjóðasamtökunum.

5. Gestur fundarins var Dusanka Kotaras. Hún var í hópi flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu sem kom til Akureyrar árið 2003. Dusanka sagði frá jólasíðum á sínum heimaslóðum sem tilheyrðu áður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. Jólalhaldið þurfti að fela fyrir veraldlegum yfirvöldum sem þar réðu ríkjum. Dusanka fjallaði einnig um reynslu sína af lífi í nýju landi. Er skemmst frá því að segja að styrkur hennar og æðruleysi höfðu mikil áhrif á Betasystur.
6. Jólamaturinn var framreiddur og snæddur af bestu lyst.
7. Dregið var í hapadrættinu og fékk Lilja Sæmundsdóttir vinninginn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir